

Kæri velunnari Hjálparstarfs kirkjunnar

Á Íslandi veitir Hjálparstarf kirkjunnar fólki sem býr við fátækt á Íslandi neyðaraðstoð. Meginmarkmið með aðstoð í neyðartilfellum er að grunnþörfum fólks sé mætt, að fjárhagslegir erfiðleikar ógni ekki heilsu fólks og takmarki ekki möguleika barna og unglinga til að taka þátt í samfélaginu.

Undanfarin ár hafa verið mörgum erfið og þróun efnahagsmála haft sérstaklega neikvæð áhrif á afkomu þeirra sem stóðu fyrir höllum fæti í okkar samfélagi. **Hefur umsóknunum til okkar frá fjölskyldum í fjárhagslegum erfiðleikum því fjölgað ár frá ári og á það ekki síst við fyrir jólahátíðina.** Þetta bitnar á þeim sem síst skyldi en börn eru stór hluti þeirra sem njóta góðs af þeirri aðstoð sem við hjá Hjálparstarfinu getum veitt.

Á hverju ári eru umsækjendur um jólaaðstoð Hjálparstarfs kirkjunnar fjölmargir. Þrjú undangengin ár sóttu á milli átján og nítján hundruð fjölskyldur um aðstoð Hjálparstarfsins til að geta gert sér dagamun og glaðst um hátíðirnar. Ekki er óvarlegt að áætla að innan þessara fjölskyldna séu sex til átta þúsund börn sem að vonum áttu bjartari jól en annars hefði verið.

Þegar rýnt er í gögn Hjálparstarfsins um aðstæður fólksins sem leitaði eftir aðstoð kemur í ljós að mikill meirihluti býr í leiguhúsnæði. Langstærsti hópurinn leigði íbúð á almennum markaði. Nú sem fyrr blasir því við að húsnæðiskostnaður er meginástæða þess að fólk nær ekki endum saman. Aftur og aftur sjá félagsráðgjafar Hjálparstarfsins dæmi þess að þegar húsaleiga hefur verið greidd stendur aðeins lítil hluti greiddra launa eftir.

Nú sem endranær ætlum við að aðstoða fólk sem býr við fátækt hvort sem það er hér heima eða á verkefnasvæðunum okkar í samfélögum þar sem fólk býr við sárafátækt.

Ein af fjármögnunarleiðum okkar er útgáfa á fréttabréfi Hjálparstarfsins. Við erum innilega þakklát fyrir þær viðtökur sem blaðið hefur fengið í gegnum tíðina hjá fyrirtækjum í landinu.

Við bjóðum fyrirtækinu sem þú ert í forsvari fyrir að leggja okkur lið með því að auglýsa í fréttabréfinu okkar eða að birta í því stuðningskveðju.

Viðmiðunarverð fyrir auglýsingar og styrktarlínu er:

Heilsíða	150.000 kr.
½ síða	100.000 kr.
¼ síða	50.000 kr.
Merki (logo)	30.000 kr.
Stuðningskveðja	10.000 kr.

Starfinu hér heima og erlendis sinnum við með frábærum stuðningi frá einstaklingum, stofnunum og fyrirtækjum á Íslandi. Fyrir þann stuðning erum við óendanlega þakklát.

Með kærum þökkum fyrir stuðning fyrirtækis þíns og bestu kveðju,

Bjarni Gíslason,
framkvæmdastjóri Hjálparstarfs kirkjunnar.